

Tillaga að breytingu á

samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 1020/2019.
(Fjarfundabúnaður).

13. gr. samþykktarinnar hljómar svo:

13. gr.
Ályktunarhæfi og atkvæðagreiðsla.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Lagt er til að 13. gr. samþykktarinnar hljómi svo eftir breytingu:

13. gr.
Ályktunarhæfi, atkvæðagreiðsla og fjarfundabúnaður.

Borgarstjórn getur enga ályktun gert nema meira en helmingur borgarfulltrúa sé viðstaddur á fundi.

Á borgarstjórnarfundum ræður afl atkvæða úrslitum mála. Hjáseta telst þátttaka í atkvæðagreiðslu. Ef jafnmörg atkvæði eru með málefni og á móti fellur það en við kosningar ræður hlutkesti.

Heimilt er að nota fjarfundarbúnað á borgarstjórnarfundum ef almannavarnarástæður mæla með því. Um framkvæmd fjarfunda gildir auglýsing ráðherra, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga. Heimild til að nota fjarfundabúnað fellur úr gildi 1. janúar 2021.